í sömu reglugjörð. Stjórnarráðið verður því að fallast á það álit bæjarstjórnarinnar, að hinni síðastnefndu reglu beri að fylgja, án tillits til hvort sá sem frá á að fara hefir haft starf sitt á hendi í 6 ár eður skemmri tíma, og getur því fulltrúi sá, sem hèr ræðir um, ekki haft rètt á að hafa starf sitt á hendi í 6 ár, en hlýtur eflaust, samkvæmt 8. gr. reglugjörðarinnar, að fara frá sem sá meðal bæjarfulltrúa, er lengst hefir haft starf sitt á hendi. Ef þannig er farið að mun einnig, eins og bæjarstjórnin hefir látið í ljósi, smámsaman lagast ruglingur sá, sem áður er á kominn við kosníngarnar, en á hinn bóginn veitir reglugjörðin enga heimild til að bæta úr þessu með því að kjósa til 2 ára, eins og herra stiptamtmaðurinn hefir skipað fyrir. 1857. 30. júní.

Samkvæmt því sem hèr er sagt skal því hið bráðasta kjósa bæjarfulltrúa í Reykjavík í stað kaupmanns D. Thomsens, og skýri eg herra stiptamtmanninum frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsíngar.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um skip sem koma til Íslands án leyfisbrèfa. 2. júlí.

Í þóknanlegu brèfi 15. apríl þ. á. hefir herra amtmaðurinn skýrt frá, að þèr, í trausti þess að stjórnarráðið fallist á það, hafið leyft, að þegar skip stórkaupmannanna Örum & Wulffs kæmi til Húsavíkur á þessu vori eða framan af sumrinu án þess að hafa hin lögskipuðu leyfisbrèf, en þegar hin önnur skilríki væri í lagi, og þegar nöfn skipanna, hvar þau eiga heima og stærð þeirra, ásamt nöfn skipstjóranna væri sýslumanninum þar á staðnum kunnugt, þá mætti strax byrja affermíngu skipanna, þó með því móti, að tafarlaust sè lögð drög fyrir að kaupa leyfisbrèfin hjá sýslumanninum í Eyjafjarðar sýslu.

Þó nú eptir kríngumstæðunum verði að standa við svo búið í þetta skipti, þá vonast stjórnarráðið eptir að þèr sjáið um, samkvæmt brèfi hèðan 8. nóvember f. á., að framvegis verði

1857. 2. júlí. nákvæmlega gætt þeirra reglna, sem skipaðar eru fyrir um það, að sýna skuli eða kaupa á Íslandi hin lögboðnu leyfisbrèf áður en affermíng skipa sè leyfð.

---

22. júlí. **20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um skýrslur um þínglesin lagaboð.**

Um leið og herra stiptamtmaðurinn (amtmaðurinn) með brèfi þessu er beðinn um að heimta skýrslur hjá öllum sýslumönnum í suður-umdæminu og bæjarfógetanum í Reykjavík (vestur-umdæminu, norður- og austur-umdæminu) um lög þau, tilskipanir og opin brèf, sem þínglesin hafa verið í hverri þínghá síðan 1. janúar 1849, og þareptir senda skýrslur þessar híngað, verður stjórnarráðið að biðja yður eptirleiðis á ári hverju að senda því þesshättar skýrslur.

---

24. ágúst. **21. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um embættisbústað handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum.**

Með þóknanlegu brèfi 31. marz þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent stjórnarráðinu brèf frá innbúum Vestmannaeyja, og biðja þeir í því um, að hús verði byggt handa sýslumanni í eyjunum með þeim kostum, að borga skuli aptur og gjalda leigur af fè því, sem til þessa þyrfti, eptir reglum þeim sem vant er að fara eptir í öðrum hlutum landsins þegar eins stendur á. Þèr hafið nú nákvæmar talið ástæður þær, sem eptir yðar áliti eru fyrir því, að nauðsynlegt sè að útvega embættisbústað handa tèðum sýslumanni, og hafið þèr um leið látið þá meiníngu í ljósi, að ekki muni vera faranda fram á að veita lán til þessa með þeim kostum, að það sè borgað aptur með því að greiða 6 af hverju hundraði í 28 ár, þar þetta mundi